



Verðbólga 4,5% í október

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,59% milli mánaða í október og mælist verðbólga nú 4,5%. Þetta er mesta verðbólga á árinu frá því í apríl þegar hún mældist 4,6%. Verðbólga er að miklu leyti til knúin áfram af miklum hækkunum á íbúðaverði en verðbólga án húsnæðis mældist 3% í október.


Verðbólgan var í samræmi við spá okkar en við höfðum einnig spáð 4,5% verðbólgu. Mest áhrif til hækkunar hafði kostnaður við að búa í eigin húsnæði sem hækkaði um 1,4% milli mánaða (áhrif á vísitölu: 0,23%), bensín og olíur sem hækkuðu um 4,2% milli mánaða (áhrif á vísitölu: 0,13%) og húsgögn og heimilisbúnaður sem hækkuðu um 1,3% (áhrif á vísitölu: 0,09%). Mestu áhrif til lækkunar höfðu flugfargjöld til útlanda sem lækkuðu um 4,3% (áhrif á vísitölu: -0,06%).

3,3% verðbólga án húsnæðis

Vísitala neysluverðs án húsnæðis, þ.e. VNV án reiknaðrar húsaleigu, leiguverðs, viðhalds og viðgerða á húsnæði, sorphirðu og holræsa, hækkaði um 0,47% milli mánaða og mælist 3% verðbólga á þann mælikvarða. Verðbólga án húsnæðis hefur hjaðnað hratt á árinu en hún sló hæst í 4,8% í mars. Það munar núna 1,5 prósentustigi á milli verðbólguþælingar með og án húsnæðis. Leita þarf aftur til apríl 2018 til að finna meiri mismun.


Húsnæðisverð hækkaði meira en við áttum von á

Kostnaður við að búa í eigin húsnæði (reiknuð húsaleiga) hækkaði um tæplega 1,4% milli mánaða. Húsnæðisverð í vísitölunni hækkaði um rétt yfir 1,4% milli mánaða, en áhrif vaxtabreytinga til lækkunar voru innan við 0,04 prósentustig. Húsnæðisverð hefur hækkað mikið frá því í febrúar og hefur hækkunin verið umtalsvert meiri en við og aðrir hafa spáð. Nú í október mældist 15,1% hækkun húsnæðisverðs á 12 mánaða grundvelli samkvæmt mælingu Hagstofunnar. Svo mikil hefur verðhækkunin ekki verið síðan í nóvember 2017. Þessar miklu verðhækkningar á fasteignamarkaði má rekja m.a. til þeirra vaxtalækkana sem gripið var til á síðasta ári. Við teljum að verðhækkningar á



Heimild: Macrobond

Breyting á fasteignaverði



Heimild: Macrobond




fasteignamarkaði muni fara minnkandi á næstu mánuðum. Í nýrri [þjóðhags- og verðbólguþá](#) Hagfræðideildar gerum við ráð fyrir að íbúðaverð hækkni um 9% á næsta ári en á bilinu 4-5% á árunum 2023 og 2024.

Verðbólga heldur áfram að aukast í viðskiptalöndunum

Verðbólga hefur farið vaxandi í helstu viðskiptalöndum Íslands á undanförunum mánuðum. Þessar verðhækkningar hafa fyrst og fremst verið knúnar áfram af hækkun hrávöruverðs, orkuverðs og flutningskostnaði. Verðbólga í Bandaríkjunum mældist 5,4% í september og hefur ekki mælst hærra frá því í júlí 2008 eða í 13 ár. Verðbólga á evrusvæðinu var 3,4% í september og hefur heldur ekki verið jafn mikil í 13 ár. Svipaða sögu má segja af öðrum viðskiptalöndum Íslands.

Ein af stóru spurningunum í heimshagkerfinu í dag er hvort að þessi verðbólga muni hjaðna á næsta ári eða verða áfram há. Verði hún áfram há gæti það aukið verðbólguvæntingar og leitt af sér frekari verðbólgu litið fram á við með tilheyrandi kostnaði vegna herra vaxtastigs. Hærra verðbólga í viðskiptalöndunum mun skila sér hingað til lands í herra innflutningsverði og herra verðbólgu.

Verðbólga í viðskiptalöndunum



Reiknað út frá þröngri viðskiptavog

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.